

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir rafveitu Akureyrar, nr. 189 29. nóvember 1940.

14

31. jan.

1. gr.

Á eftir II. kafla gjaldskrárinnar komi nýr kaflí, svo hljóðandi viðauki:

IV. Bráðabirgðaákvæði.

Gjöld samkv. D-lið gjaldskrárinnar, með undirliðum a—f, breytist með kola-verði í bænum á hverjum tíma, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngildi 60 króna verði á kolatonni og hækki og lækki í sama hlutfalli og útsöluverð kola hér á staðnum á hverjum tíma. Þó skal verð á kv-stund, samkvæmt þessum lið, ávallt standa á hálfum eyri eða heilum. Jafnframt er fallin niður hækkun sú, er gerð var vorið 1942 á gjaldskrárlið D—1—c, úr 2,5 í 4 aura.

Raforkuverð og önnur gjöld samkvæmt öðrum liðum gjaldskrárinnar en D 1 hækki um 1% fyrir hver 2 stig, er verðvísitalan er umfram eitt hundrað.

2. gr.

Breyting þessi öðlast gildi 1. febrúar 1947.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um breyting á sömu gjaldskrá, nr. 193 28. nóvember 1942.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. janúar 1947.

Emil Jónsson.

Dorv. K. Þorsteinsson.

HAFNARREGLUGERÐ

fyrir Borgarfjörð í Norður-Múlasýslu.

15

31. jan.

I. KAFLI

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Borgarfjarðarhöfn takmarkast af línu, sem hugsast dregin úr Hafnartanga í Landsenda.

II. KAFLI

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit hafa 3 menn, sem hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps kys. Skulu þeir kosnir hvert sinn að aflokinni hreppsnefndarkosningu og gildir kosning þeirra til loka kjörtímabils hreppsnefndarinnar. Til sama tíma skal kjósa 3 varamenn. Hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps fer með framkvæmd þessara mála, unz hreppsnefndarkosningar fara næst fram.

4